

Mál nr. 86/2007

**A v/ maka síns, M,
og
vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 24.7.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.7.2007.

Málsatvik.

Með dómi Hæstaréttar var kveðinn upp dómur í máli sem dánarbúi B hafði höfðað gegn nánar tilgreindum aðilum vegna tiltekinna ráðstafana B áður en hann lést. Með dómi Hæstaréttar var dánarbúinu gert að greiða tveimur gagnaðilum samtals 450.000 krónur í málskostnað. Vegna eignaleysis dánarbúsins inntu tveir erfingja B greiðslu af hendi til dánarbúsins, 240.000 krónur hvor, til að standa straum af málskostnaðinum. Annar þessara erfingja var M, maki málskotsaðila, og telst hann vera vátryggður í máli þessu. Byggðist greiðsla þeirra á ábyrgðaryfirlýsingu sem þau gáfu á skiptafundi í dánarbúinu, er ákvörðun var tekin um málshöfðunina. Samkvæmt yfirlýsinguinni ábyrgðust þau gagnvart skiptastjóra greiðslu alls kostnaðar vegna málsóknarinnar sem kann að verða umfram eignir búsins.

M hefur krafist þess að fá sinn hluta greiðslunnar bættan úr málskostnaðartryggingu sem hann hefur hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 25.1 í skilmálum vátryggingarinnar, en þar segir að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir reis upp ágreiningur milli erfingja B heitins vegna tiltekinna ráðstafana hans sem að álit M og systur hans leiddu til þess að eigur búsins voru minni en ella. Úr þeim ágreiningi var leyst í fyrrgreindu dómsmáli. Þótt dánarbúið hafi verið aðili dómsmálsins fer ekki á milli mála að í því var leyst úr ágreiningi M sem einstaklings og systur hans við aðra meðerfingja sína að eigum dánarbúsins. Verður að líta svo á að ágreiningsmál það, sem leitt var til lykta í dómsmálinu, hafi snert M (vátryggðan) sem einstakling í skilningi gr. 25.1. í skilmálunum. Engar frekari ástæður hafa verið færðar fram af hálfu X sem eigi að leiða til þess að bótaskylda þess sé ekki fyrir hendi. Verður því fallist á kröfu M um að hinn umdeildi málskostnaður skuli greiddur úr málskostnaðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Málskostnaður, sem deilt er um í málinu, bætist úr málskostnaðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 29. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.